

# FÉLAGSDÓMUR

Úrskurður miðvikudaginn 24. maí 2023.

**Mál nr. 2/2023:**

**Sjómannafélag Íslands**

**vegna A o.fl.**

(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)

gegn

**Samtökum atvinnulífsins**

**vegna Eimskips Íslands ehf.**

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

og

**Alþýðusambandi Íslands**

**vegna Eflingar - stéttarfélags**

(Daníel Ísebarn Ágústsson lögmaður)

## Úrskurður Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 27. apríl

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Einar Hugi Bjarnason og Guðbjarni Eggertsson.

Stefnandi er Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50 D í Reykjavík, vegna A o. fl.

Stefndu eru Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, vegna Eimskips Íslands ehf., Sundabakka 2 í Reykjavík, og Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar - stéttarfélags, bæði skráð að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.

### Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að Sjómannafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir þá starfsmenn sem um ræðir við gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins, vegna starfa þeirra sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf.
- Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

### Dómkröfur stefndu

- Stefndi Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar stéttarfélags krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda. Til vara er þess krafist „að þeir einstaklingar sem stefnandi Sjómannafélag Íslands höfðar málið vegna hafi sagt sig úr Eflingu stéttarfélagi frá og með dómsuppsögu málsins.“ Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.
- Stefndi Samtök atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf. krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### Málavextir

5. Mál þetta verður rakið til þess að 58 hafnarverkamenn sem starfa hjá Eimskip Íslandi ehf. undirrituðu beiðni um inngöngu í Sjómannafélag Íslands og samhliða úrsögn úr Eflingu – stéttarfélagi á tímabilinu 23. september til 10. nóvember 2022.
6. Með tölvupósti 21. nóvember 2022 upplýsti formaður stefnanda starfsmann Eimskips Íslands ehf. um nöfn þeirra hafnarverkamanna sem hefðu gengið í stéttarfélagið og óskaði eftir því að stéttarfélagsgjöld yrðu framvegis greidd félaginu. Með vísan til laga Eflingar – stéttarfélags óskaði Eimskip Ísland ehf. 28. sama mánaðar eftir staðfestingu á því að úrsögn starfsmannanna hefði borist stéttarfélaginu áður en kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hófust. Lögmaður stefnanda svaraði erindinu degi síðar og vísaði meðal annars til þess að Efling – stéttarfélag hefði tekið við úrsögnunum athugasemdalaust og að það væri óheimilt að takmarka rétt umræddra starfsmanna til að ganga úr félaginu á þessu tímamarki. Stefnandi og Eimskip Ísland ehf. áttu í frekari samskiptum í desember 2022 og var þar meðal annars fjallað um hvort úrsagnir úr Eflingu – stéttarfélagi hefðu verið heimilar á þeim tíma sem um ræðir.
7. Stefnandi kveðst hafa sent Eflingu – stéttarfélagi yfirlýsingar umræddra starfsmanna um úrsagnir úr stéttarfélaginu og samhliða inngöngu í stefnanda 29. nóvember 2022. Stéttarfélagið kveðst hafa mótttekið úrsagnirnar 2. desember sama ár.
8. Með tölvupósti 12. desember 2022 óskaði stefnandi eftir afstöðu Eflingar – stéttarfélags til úrsagnanna. Hinn 22. sama mánaðar sendi Efling - stéttarfélag bréf til þeirra starfsmanna sem um ræðir og kom þar fram að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga stéttarfélagsins væri óheimilt að segja sig úr félaginu á meðan kjaraviðræður stæðu yfir. Tekið var fram að kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hefðu staðið yfir frá 30. nóvember 2022 og hefði úrsögn úr stéttarfélaginu verið óheimil við þessar aðstæður. Tölvupóstur sem hafði að geyma sama efni barst stefnanda 3. janúar 2023.
9. Á aðalfundi stefnanda 28. desember 2022 voru samþykktar breytingar á lögum stéttarfélagsins og var nýjum staflað bætt við 3. gr. þar sem fjallað er um þær starfgreinar sem heyra undir félagið. Samkvæmt breytingunni starfar sérstök deild hafnarverkamanna innan félagsins og hefur hún meðal annars það markmið að annast gerð kjarasamninga fyrir starfsstéttina.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

10. Stefnandi byggir á því að viðurkenna verði rétt hans til gerðar kjarasamnings fyrir hönd umræddra hafnarverkmanna, enda hafi þeir sagt sig úr Eflingu – stéttarfélagi með lögmatum hætti og gerst félagsmenn í stefnanda. Réttur manna til að eiga aðild að stéttarfélögum fái stoð í 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Túlka verði hömlur á rétti félagsmanna til úrsagnar úr stéttarfélagi með hliðsjón af þessum ákvæðum.
11. Stefnandi telur að 3. mgr. 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags gangi lengra en heimilt sé við takmörkun á rétti félagsmanna til að segja sig úr félaginu. Fram komi í

ákvæðinu að óheimilt sé að segja sig úr félaginu þegar viðræður um kjarasamninga séu hafnar, en það tímamark sé ekki skýrt nánar í lögnum, lögum Alþýðusambands Íslands eða lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá virðist afstaða stéttarfélagsins til þessa tímamarks vera óljós og verði stefndu að bera hallann af vafa í þeim efnum. Stefnandi telur fyrrgreint ákvæði ganga lengra en 3. mgr. 12. gr. laga Alþýðusambands Íslands sem stéttarfélagið hafi skuldbundið sig til að hlíta. Þar komi fram að hömlur á úrsögn félagsmanna megi aðeins vera tímabundnar og sé hið óljósa tímamark samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga stéttarfélagsins ekki í samræmi við það. Ákvæðið gangi jafnframt lengra en nauðsynlegt sé til að ná því lögmæta markmiði að stéttarfélagið geti sinnt hlutverki sínu sem samningsaðili á vinnumarkaði og komið í veg fyrir að úrsagnir félagsmanna dragi úr vægi aðgerða í tengslum við vinnudeilu. Hafa verði í huga að viðræður um kjarasamninga hefjist í mörgum tilvikum á meðan félagsmenn séu enn bundnir af fyrri samningi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Þá hafi hvorki verið komin upp vinnudeila né aðgerðir verið fyrirhugaðar í tengslum við slíka deilu þegar hafnarverkamennirnir sögðu sig úr stéttarfélaginu.

12. Að framangreindu virtu hafi úrsagnir hafnarverkamanna úr Eflingu – stéttarfélagi verið lögmætar og lög félagsins ekki hamlað því. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 sé stefnanda tryggður ótvíráður réttur til gerðar kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna. Fram komi í a-lið 3. gr. laga stefnanda að rétt til inngöngu í félagið hafi allir sem stundi atvinnu á sjó eða starfi á hvers konar flotmannvirkjum, svo og þeir sem atvinnu hafa af hvers konar flutningastarfsemi. Hafnarverkamenn geti fallið undir þennan lið. Þá hafi frá 28. desember 2022 starfað sérstök deild hafnarverkamanna innan félagsins sem hafi meðal annars það markmið að sjá um gerð kjarasamnings fyrir starfsstéttina.
13. Stefnandi leggur áherslu á að sá kjarasamningur sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf. störfuðu eftir hafi runnið út 31. október 2022. Hafi þeir hafnarverkamenn sem tilgreindir eru í kröfugerð stefnanda því ekki verið bundnir af neinum samningi þegar þeir sögðu sig úr Eflingu – stéttarfélagi. Með inngöngu í stefnanda hafi þeir veitt félaginu umboð til gerðar kjarasamnings um störf sín. Slíkur kjarasamningur hafi enn ekki verið gerður og hamli ágreiningur aðila því. Vegna úrsagnar úr Eflingu – stéttarfélagi geti síðar til komnir kjarasamningar sem taka til starfa hafnarverkamanna ekki tekið til þeirra starfsmanna sem um ræðir. Tekið er fram að hafi eldri kjarasamningur Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins kveðið á um forgangsrétt félagsmanna til starfa hafnarverkamanna á félagssvæðinu hafi slík ákvæði verið bundin við gildistíma samningsins sem hafi nú fallið úr gildi. Standi þannig ekkert því í vegi að hafnarverkamenn geti falið stefnanda umboð til kjarasamningsgerðar sem taki til þeirra. Önnur niðurstaða fæli í sér þvingað samningsumboð til stéttarfélags sem umræddir starfsmenn vilji ekki eiga aðild að, en það sé meðal annars í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar.

## **Málsástæður og lagarök stefnda Alþýðusambands Íslands vegna Eflingar stéttarfélags**

14. Stefndi byggir á því að úrsagnir fyrrgreindra hafnarverkamanna úr Eflingu – stéttarfélagi hafi ekki verið gildar þegar þær bárust 2. desember 2022. Þær geti aftur á móti verið gildar núna, enda hafi aðstæður breyst. Geti stefndi þannig fallist á að úrsagnir úr stéttarfélaginu taki gildi frá og með dómsuppsögu eða öðrum málalokum fyrir dómi.
15. Stefndi leggur áherslu á að þegar úrsagnirnar bárust hafi kjaraviðræður staðið yfir á milli Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins og vinnudeila verið til staðar. Hafi félagsmönnum verið óheimilt að segja sig úr stéttarfélaginu á þeim tíma, sbr. 5. gr. laga félagsins. Ákvæðinu sé ætlað að koma í veg fyrir að unnt sé að grafa undan kjarasamningsgerð stéttarfélags með því að stuðla að úrsögnum úr félaginu á meðan kjaraviðræður eða vinnudeila stendur yfir. Um sé að ræða málefnalega reglu sem samrýmist 74. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mótmælt að ákvæðið gangi lengra en 3. mgr. 12. gr. laga Alþýðusambands Íslands þar sem kveðið sé á um að hamlu megi úrsögnum úr félagi tímabundið, til dæmis á meðan kjaradeila stendur yfir eða séu verkfallsaðgerðir hafnar. Undir það geti ljóslega fallið tímabundnar hömlur á úrsögnum vegna kjaraviðræðna. Þá gildi lög Eflingar – stéttarfélags um úrsagnir úr félaginu fremur en lög Alþýðusambandsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938.
16. Stefndi vísar til þess að úrsagnir þeirra félagsmanna sem kröfugerð stefnanda tekur til hafi ekki borist skrifstofu Eflingar – stéttarfélags fyrr en 2. desember 2022. Það hafi enga þýðingu þótt Eimskip Ísland ehf. hafi borist úrsagnirnar fyrr, enda komi skýrt fram í lögum stéttarfélagsins að úrsögn skuli afhent skrifstofu félagsins. Þegar úrsagnirnar bárust hafi kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins staðið yfir og úrsagnir því verið ólögmatar, sbr. 5. gr. laga stéttarfélagsins og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Hafi umræddum einstaklingum fyrst verið heimilt að segja sig úr félaginu 8. mars 2023 þegar bundinn var endi á vinnudeiluna með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Á sama tímamarki hafi kjarasamningur komist á og ríki því friðarskylda.

## **Málsástæður og lagarök stefnda Samtaka atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf.**

17. Stefndi gerir athugasemd við að ekki sé tilgreint í kröfugerð stefnanda frá og með hvaða degi krafist sé viðurkenningar á því að félagið fari með samningsaðild fyrir þá einstaklinga sem þar eru tilgreindir. Gera verði ráð fyrir að krafan miðist við dómsuppkvaðningu, enda hafi það fyrst verið á aðalfundi stefnanda 28. desember 2022 sem lögum félagsins var breytt og sérstök hafnardeild gerð að hluta starfsgreina félagsins. Sé ætlun stefnanda að miða kröfugerð við aðra dagsetningu sé um að ræða vanreifun sem leiði til frávísunar málsins af sjálfsdáðum eða til þess að kröfum stefnanda verði hafnað.

18. Stefndi tekur fram að hann hafi verið upplýstur um að hafnarverkamenn hefðu gengið í stefnanda með tölvupósti frá formanni félagsins 21. nóvember 2022. Óskað hafi verið afstöðu Eflingar – stéttarfélags sem hafi staðfest að erindi með beiðni um úrsagnir úr félaginu hefði borist 2. desember 2022. Þá hafi stéttarfélagið upplýst 3. janúar 2023 að kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hafi staðið yfir þegar úrsagnir bárust og á þeim tíma verið óheimilt að segja sig úr félaginu. Yrði því að telja úrsagnir ólögmetar og færi Efling – stéttarfélag með sammingsumboð fyrir hafnarverkamenn.
19. Stefndi tekur fram að samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 geti stéttarfélag sett takmarkanir í félagslög sín vegna úrsagna, enda séu þær málefnalegar, byggðar á starfslegum hagsmunum félaganna og gangi ekki lengra en þörf krefur. Efling – stéttarfélag hafi nýtt þessa heimild og telji úrsagnir ekki hafa borist fyrr en eftir að kjaraviðræður voru hafnar, sbr. 5. gr. laga félagsins. Stefndi hafi ekki skoðun á því hvort ákvæði félagslaga stéttarfélagsins gangi of langt en telji sig bundinn af gildandi ákvæðum nema fyrir liggi að dómstólar telji ákvæðin ekki standast lög. Að virtum atvikum hafi stefndi átt þann kost einan að skila áfram félagsgjöldum til Eflingar – stéttarfélags, enda hafi þeir starfsmenn sem um ræðir enn verið félagsmenn í stéttarfélaginu.
20. Stefndi tekur fram að 8. mars 2023 hafi miðlunartillaga ríkissáttasemjara verið samþykkt og sé í gildi kjarasamningur á milli Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins til 31. janúar 2024. Samkvæmt gildandi kjarasamningi hafi félagsmenn stéttarfélagsins forgangsrétt til allrar hafnarvinnu og sé stefndi bundinn af þeim kjarasamningi. Hafi eitt stéttarfélag samið um forgangsrétt til starfa á ákveðnu landsvæði, byggðarlagi eða í einstöku fyrirtæki, geti annað stéttarfélag ekki krafist kjarasammings um sömu störf og starfsheiti. Þetta sýni jafnframt að Félagsdómur geti ekki orðið við kröfum stefnanda.

### **Niðurstaða**

21. Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
22. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort þeim starfsmönnum sem taldir eru upp í kröfugerð stefnanda hafi verið heimilt að segja sig úr Eflingu – stéttarfélagi á grundvelli yfirlýsinga sem bárust stéttarfélaginu 2. desember 2022. Stéttarfélagið telur að úrsagnir hafi verið óheimilar á þessum tíma þar sem kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hafi staðið yfir og fram komi í 3. mgr. 5. gr. laga félagsins að enginn geti sagt sig úr félaginu meðan viðræður um kjarasamninga eða vinnudeila stendur yfir. Stefndandi telur umrætt ákvæði ekki hamla úrsögnum umræddra starfsmanna úr stéttarfélaginu og vísar meðal annars til þess að óljóst sé hvenær kjaraviðræður teljist hafnar og að ákvæðið gangi lengra en heimilt sé samkvæmt lögum Alþýðusambands Íslands sem stéttarfélagið sé bundið af.

23. Krafa stefnanda lýtur að viðurkenningu á því að hann fari með samningsaðild fyrir nánar tilgreinda starfsmenn við gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins vegna starfa þeirra sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf. Af málatilbúnaði stefnanda, sem og skýringum við munnlegan málflutning, er ljóst að með viðurkenningarkröfunni er ætlun stefnanda að fá staðfestingu á því að starfsmennirnir hafi gengið í stéttarfélagið með lögum hætti og séu ekki bundnir af kjarasamningi sem komst á milli Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt 8. mars 2023 og fól í sér að gildandi kjarasamningur aðila framlengdist til 31. janúar 2024. Eins og áður greinir telur Efling – stéttarfélag að þeir starfsmenn sem um ræðir hafi ekki getað sagt sig úr félaginu á meðan kjaraviðræður stóðu yfir og að þeir séu bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á út gildistíma hans. Frá þeim tíma hafi starfmönnunum aftur á móti verið heimilt að segja sig úr stéttarfélaginu og gerast meðlimir í stefnanda.
24. Af málatilbúnaði aðila er ljóst að ekki er deilt um að viðkomandi starfsmenn hafi getað sagt sig úr stéttarfélaginu og gerst félagsmenn í stefnanda eftir að kjaradeilu Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins lauk með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara 8. mars 2023. Þá verður ekki séð að ágreiningur sé um að frá þeim tíma hafi stefnandi getað farið með samningsaðild fyrir þá starfsmenn sem um ræðir. Á hið síðarnefnda gæti eftir atvikum reynt þegar gildandi kjarasamningur hefur runnið sitt skeið, en það fellur utan sakarefnis málsins.
25. Kröfugerð stefnanda er þannig fram sett að ekki er tilgreint frá og með hvaða tíma þess er krafist að samningsaðild stefnanda verði viðurkennd. Gerð var athugasemd við þetta í greinargerð stefnda Samtaka atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf. og bent á að gera yrði ráð fyrir því að krafan miðaðist við dómsuppsögu. Stefnandi hefur ekki leitast við að gera breytingar á kröfugerð sinni af þessu tilefni, en ljóst er að hann telur að lögmatar úrsagnir úr Eflingu – stéttarfélagi hafi borist félaginu 2. desember 2022. Við munnlegan málflutning var áréttað að með viðurkenningarkröfu stefnanda væri ætlunin að tryggja að umræddir starfsmenn væru ekki bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á 8. mars 2023 heldur kæmi það í hlut stefnanda að gera kjarasamning sem taki til þeirra. Fram kom að lögmaður stefnanda teldi kröfugerðina í samræmi við þetta markmið og uppfylla kröfur einkamálaréttarfars um skýrleika.
26. Eins og atvikum er háttað skiptir miklu máli við hvaða tímamark viðurkenningarkrafa stefnanda miðast. Þótt fallist væri á viðurkenningarkröfu stefnanda, eins og hún er fram sett, væri ekki skorið úr um það frá hvaða tíma stéttarfélagið hefði farið með samningsaðild fyrir þá starfsmenn sem um ræðir eða hvort sá kjarasamningur sem komst á 8. mars 2023 taki til þeirra. Að þessu virtu er kröfugerð stefnanda ekki til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt og getur dómur ekki veitt úrlausn um þau réttindi sem málsókninni er ætlað að tryggja. Stefnandi hefur samkvæmt þessu ekki sýnt fram á að niðurstaða málsins hafi raunhæft gildi fyrir réttarstöðu sína eða

þeirra starfsmanna sem um ræðir. Felst því í dómkröfunni lögspurning sem er í andstöðu við meginreglu 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Að sama skapi er krafan það óákveðin að hún uppfyllir ekki meginreglu einkamálaréttarfars um ákveðna og ljósa kröfugerð, sbr. til hliðsjónar d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

27. Að framangreindu virtu verður að vísa máli þessu frá Félagsdómi af sjálfsdáðum. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn með þeim hætti sem greinir í úrskurðarorði.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Sjómannafélag Íslands vegna A o. fl., greiði stefndu, Samtökum atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf. og Alþýðusambandi Íslands vegna Eflingar – stéttarfélags, 250.000 krónur hvorum um sig í málskostnað.